

Föstudaginn 20. janúar 1989.

Nr. 35/1988. **Jón Steinar Bergsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn

Lilju Guðjónsdóttur
(Jón G. Briem hrl.)

Lausafjárkaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988 og gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt var lögð yfirlýsing Þorsteins Marels Júlíussonar, dags. 16. janúar 1989, þar sem fram kemur, að bifhjólið Ö 6121 af gerðinni Kawasaki 1000 er enn á verkstæði „Vélhjóla og Sleða“. Í yfirlýsingunni kemur og fram, að eigendur verkstæðisins telja sig eiga haldsrétt á hjólinu fyrir kostnaði við vinnu við að taka í sundur vél bifhjólsins, geymslugjaldi og öðrum kostnaði. Einnig voru lögð fyrir Hæstarétt gögn um að skráningarmarki bifhjólsins hafi verið afhent lögreglustjóra 20. ágúst 1988 og að iðgjald hafi ekki verið reiknað af ábyrgðartryggingu bifhjólsins frá þeim degi.

Með vísun til forsendna héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, sem nú greinir um dráttarvexti. Upphafstíma vaxta þykir rétt að miða við 27. október 1986, en þá ritaði stefnda áfrýjanda síðara bréf sitt um riftun, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi, verða dæmdir ársvextir, en ekki mánaðarvextir, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna og III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988. Kröfu um vaxtavexti ber að taka til greina. Samkvæmt þessu verða vextir eins og segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er krafa stefndu, Lilju Guðjónsdóttur, um riftun á kaupum á Kawasaki 1000 bifhjóli, árgerð 1978.

Áfrýjandi, Jón Steinar Bergsson, greiði stefndu 150.000,00 krónur með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 27. október 1986 til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum, sem eru dráttarvextir eftir vaxtalögum nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, til greiðsludags. Áfallnir vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. október 1987.

Áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 12. febrúar 1987.

Stefnandi er Lilja Guðjónsdóttir, nnr. 6089-3314, Norðurgötu 23, Sandgerði.

Stefndi er Jón Steinar Bergsson, nnr. 5113-6136, Spóahólum 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að þola riftun á kaupum bifhjólsins KAWASAKI 1000, árgerð 1978, og til að endurgreiða stefnanda 150.000,00 krónur með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af 70.000,00 krónum frá 14. mars 1986 til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., af 83.333,00 krónum frá þeim degi til 14. júní s.á., af 109.000,00 krónum frá þeim degi til 14. júlí s.á., af 123.333,00 krónum frá þeim degi til 14. ágúst s.á., af 136.665,00 krónum frá þeim degi til 14. september s.á., af 150.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að í dóminum verði viðurkennt að vextina megi leggja við höfuðstól einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn 14. september 1987. Ennfremur er krafist greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að 14. mars 1986 keypti stefnandi bifhjól af gerðinni KAWASAKI 1000, árgerð 1978, af stefnda.

Kaupverðið var 150.000,00 krónur sem stefnandi greiddi þannig að útborgun var 70.000,00 krónur, 15.000,00 krónur á mánuði í 4 mánuði og 10.000,00 krónur á mánuði í 2 mánuði, að því er hún sagði í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi.

Er stefnandi, eða öllu heldur sambýlismaður hennar, vitnið Erlendur Ingvarsson, hafði ekið hjólinu samtals um 500 kílómetra bræddi vél bifhjólsins úr sér. Í fyrstu taldi stefnandi að ástæða þess væri sú að röng smurolía hefði verið notuð á vélina og 28. apríl 1986 ritaði talsmaður hennar stefnda bréf og kvaðst rifta kaupnum og bar því við að stefndi hefði sett ranga smurolíu á vélina.

Stefndi og vitnið Erlendur Ingvarsson töluðu saman í síma og sagði stefndi að hann hefði látið kanna að smurolía sú sem hann hefði notað hæfði vélinni og hefði hann haft fyrir reglu að skipta um olíu á 500 km fresti.

Í ágúst 1986 var farið með hjólið til athugunar á verkstæði sem heitir „Vélhjól og Sleðar“ og kom þá í ljós að átt hafði verið við bensínkrana, þannig að bensín blandaðist við smurolíuna og þynnti hana. Leiddi þetta til þess að smurhæfni olíunnar minnkaði og við það bræddi vélin úr sér að sögn stefnanda.

Í framhaldi af þessu ritaði talsmaður stefnanda annað bréf, dagsett 27. október 1986, og krafðist endurgreiðslu kaupverðs ásamt kostnaði gegn afhendingu hjólsins.

Stefndi ansaði þessu engu þar eð hann hefði aldrei átt við bensínkranann á hjólinu.

Í skýrslum aðila og vitna kemur fram að vitnið Erlendur Ingvarsson, sem stundaði sjómennsku á umræddu tímabili, var sá eini sem ók hjólinu. Hann kvaðst hafa ekið því á sunnudögum er hann var í landi. Að öðru leyti hefði það staðið inni í skúr. Hann kvaðst hafa verið á leið til Sandgerðis frá Keflavík er hann varð þess var að vélin vann asnalega, eins og hann orðaði það, og mótörinn varð fastur. Hann kvaðst aldrei hafa bætt olíu á hjólið enda hefði hann fylgst með því í gegnum gler sem var í vélinni að olía sýndist vera næg. Hann kvaðst hafa átt tvö vélhjól áður og jafnan lokað fyrir bensínkranann er hann hafði ekið þeim og eins hefði hann gert við þetta hjól. Ekki varð hann þess var að vélin brenndi olíu.

Eins og fyrr greinir leitaði stefnandi til verkstæðisins „Vélhjóla og Sleða“ í Reykjavík. Að lokinni athugun gaf vitnið Þorsteinn Marel Júlíusson vélstjóri yfirlýsingu, dagsetta 9. desember 1986. Þar kemur m.a. fram að kostnaður vegna viðgerða væri 123 - 140 þúsund krónur. Þá segir: „Eftir að hafa rifið vélina í sundur og í ljós kom að hún var illa úrbrædd fór

ég að leita að skýringum á því hvernig það hefði skeð. Við það kom í ljós að bensínkraninn sem á að vera sjálfvirkur (vacuumstýrður) hafði verið blindaður, þannig að sama var hvort vélin var í gangi eða ekki. Kraninn stóð alltaf opinn. Vegna þess að bensíntankurinn er staðsettur fyrir ofan blöndunginn orsakaði þetta bensínleka inn á vélina af og til vegna þess að flotholtin í blöndungnum standa á sér (eðlilegt í gömlum blöndungum). Bensínið þynnti smám saman olíuna sem endaði svo þunn að hún hætti að smyrja vélina. Þegar síðan átti að tæma olíuna af vélinni kom aðeins svo til hreint bensín af henni. Málið er því frá mínum sjónarhóli augljóst. Þetta tekur langan tíma að ske, 1 - 3 mánuði eftir því hve mikið er keyrt.“

Vitnið Þorsteinn Marel Júlíusson staðfesti yfirlýsingu þessa hér fyrir dómi. Hann sagði að svo til allar legur í vélinni væru úrbræddar og bullur mjög illa fastar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi, eða einhver á hans vegum, hafi átt við bensínkranann þannig að hann var jafnan opinn og bensín lak inn í vélina. Galli þessi hafi verið fyrir hendi er kaupin voru gerð og að lokum leitt til þess að vélin bræddi úr sér.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup sé stefnanda heimil riftun kaupanna og eigi kröfu á að fá andvirði hjólsins til baka.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að ósannað sé að galli sá sem stefnandi ber fyrir sig hafi verið fyrir hendi er kaupin voru gerð. Stefnandi hafi ekki látið dómkveðja matsmenn, heldur leggi fram yfirlýsingu sem hafi ekkert sönnunargildi í máli þessu.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í málinu að stefnda gefst kostur á að fylgjast með skoðun vitnisins Þorsteins Marels Júlíussonar á vélhjólinu.

Samkvæmt yfirlýsingu vitnisins, Þorsteins Marels, á dskj. nr. 4 og framburði hans fyrir dómi eru legur í vél bifhjólsins „illa úrbræddar“, og er orsök þess að bensín hefur komist í sveifarhús vélarinnar og blandast smurolíunni, þannig að hún missti alla smurhæfni.

Bensínið hefur hins vegar komist í smurolíuna vegna galla á bensínloka (bensínkrana) sem hefur það hlutverk m.a. að opna fyrir bensínrennsli þegar vélin er ræst og loka fyrir það þegar hún er ekki í gangi. Þetta gerist sjálfvirkt fyrir tilverknað undirþrýstings (vacuum) frá vélinni sem hefur áhrif á hreyfibúnað í lokanum. Þessi búnaður hefur verið fjarlægður úr lokanum og rás fyrir undirþrýsting frá vélinni stífluð, sem veldur því að vegna hæðarmunar er stöðugt opin leið frá bensíngeymi að blöndungnum og áfram inn í vélina, séu skilyrði fyrir hendi, eins og fram

kemur í yfirlýsingu vitnisins Þorsteins Marels Júlíussonar um ástand blöndunga.

Þetta er frumorsök úrbræðslunnar á vélinni þar sem búnaði vélarinnar hefur verið breytt frá því sem framleiðandi bifhjólsins gerir ráð fyrir.

Dómurinn telur að galli sá er olli úrbræðslunni hafi verið fyrir hendi er stefnandi keypti bifhjólið af stefnda.

Telja verður að galli þessi sé verulegur og stefnanda því heimilt að rifta kaupunum, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda um riftun kaupa hennar og stefnda á KAWASAKI-bifhjóli til greina.

Þá ber að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda kaupverðið, 150.000,00 krónur, með vöxtum eins og krafist er í stefnu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 45.000,00 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Andrésí Guðjónssyni skólastjóra og Finnþoga Eyjólfssyni bifvélavirkjameistara.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Lilju Guðjónsdóttur, um riftun á kaupum á KAWASAKI 1000 bifhjóli, árgerð 1978.

Stefndi, Jón Steinar Bergsson, greiði stefnanda 150.000,00 krónur með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af 70.000,00 krónum frá 14. mars 1986 til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en af 83.333,00 krónum frá þeim degi til 14. maí s.á., en af 97.666,00 krónum frá þeim degi til 14. júní s.á., en af 109.000,00 krónum frá þeim degi til 14. júlí s.á., en af 123.333,00 krónum frá þeim degi til 14. ágúst s.á., en af 136.665,00 krónum frá þeim degi til 14. september s.á., en af 150.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 45.000,00 krónur í málskostnað.

Áfallnir vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 14. september 1986.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.